

JAFNRÉTTISÁÆTLUN UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun utanríkisráðuneytisins. Henni er jafnframt ætlað að kveða sérstaklega á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum ráðuneytisins þau réttindi sem kveðið er á um í jafnréttislögum.

Jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins er unnin samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Utanríkisráðuneytið leggur áherslu á eftirfarandi:

Launajafnrétti

Karlar og konur skulu njóta sömu launa fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf og sömu kjara er varða önnur starfskjör og réttindi. Starfsmönnum skal, lögum samkvæmt, ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Aðgerð: Árleg greining á launajafnrétti

Í því skyni að tryggja launajafnrétti skal árlega láta gera greiningu á launum starfsmanna með tilliti til kynjajafnréttis. Greiningunni skal lokið í mars ár hvert. Jafnréttisnefnd skal fjalla um niðurstöðurnar og þær svo kynntar yfirstjórn ráðuneytisins. Komi í ljós óútskýrður launamunur milli kynjanna skal hann leiðréttur þegar í stað.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri og jafnréttisfulltrúi.

Stöðuveitingar og framgangur í starfi

Starf sem er laust til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Í auglýsingum skulu störf ókyngreind og jafnréttissjónarmið höfð í huga við gerð auglýsinga. Stefnt skal að sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í störfum og verkefnum utanríkisráðuneytisins. Við framgang í starfi skal starfsmönnum aldrei mismunað eftir kynferði.

Aðgerð: Greining á starfsauglýsingum m.t.t. kynjajafnréttis

Í janúar ár hvert skal farið yfir starfsauglýsingar sem fóru frá ráðuneytinu á nýliðnu ári, m.t.t. þess að störf séu ókyngreind og höfði til beggja kynja.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri og jafnréttisfulltrúi.

Opinberar nefndir, ráð og stjórnir

Stefnt skal að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytisins. Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Aðgerð: Árleg samantekt upplýsinga um kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum utanríkisráðuneytisins

Árlega skal taka saman tölur um kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytisins og þær kynntar yfirstjórn fyrir marslok ár hvert.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri og jafnréttisfulltrúi.

Aðgerð: Óskir um tilnefningar

Við tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir skal ráðuneytið ávallt óska eftir að tilnefnd séu bæði karl og kona, í samræmi við ákvæði 15 gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri.

Aðgerð: Upplýsingagjöf til Jafnréttisstofu

Afrit af tilkynningum um skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins skulu send Jafnréttisstofu.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri.

Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Möguleikar til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar skulu tryggðir báðum kynjum til jafns. Fræðsla um jafnréttismál meðal starfsmanna utanríkisráðuneytisins skal aukin.

Aðgerð: Kyngreind samantekt um þátttöku í endurmenntun

Gerð verði kyngreind samantekt með upplýsingum um þátttöku í endurmenntun. Jafnréttisnefnd fari yfir stöðu mála í desember ár hvert.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri og jafnréttisnefnd.

Aðgerð: Fræðsluáttak fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar um jafnréttismál og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, þ. á m. í tengslum við áætlun um ályktun 1325

Haldið verður námskeið um jafnréttismál og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, með sérstakri áherslu á framkvæmd í reynd við þær aðstæður sem starfsmenn þurfa að glíma við í sínu starfi. Einnig verður lögð áhersla á kynningu ályktunar 1325 og mikilvægi eftirfylgni og innleiðingar hennar af hálfu alþjóðastofnana sem starfsmenn hafa samskipti við sem fulltrúar Íslands.

Námskeiðið verður haldið reglulega á tímabilinu 2009-2012 og stefnt að því að a.m.k. 80% allra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, á öllum stigum, hafi setið það fyrir lok ársins 2012.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri

Samræming fjölskyldulífs og starfs

Gera skal starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskyldulíf, meðal annars með sveigjanlegum vinnutíma og hvatningu til fæðingarorlofs beggja kynja. Þá skulu fjölskylduaðstæður flutningsskyldra starfsmanna hafðar í huga þegar þeir skipta um starfsumhverfi.

Karlar og konur hafa jafnan rétt til töku fæðingarorlofs, samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt eiga karlar og konur sama rétt á að vera heima hjá veikum börnum sínum, innan marka gildandi reglna. Nánar er kveðið á um samræmingu fjölskyldulífs og starfs í *fjölskyldustefnu utanríkisráðuneytisins*.

Aðgerð: Kynning fyrir starfsfólki á samþæfingu fjölskyldulífs og starfs

Nýjum starfsmönnum og verðandi foreldrum skulu kynnt þau réttindi og skyldur sem þeir hafa gagnvart vinnustaðnum. Jafnframt skal kynna fyrir starfsfólki kerfi sveigjanlegs vinnutíma og stefnu ráðuneytisins hvað varðar samþæfingu fjölskyldulífs og starfs. Þegar ákvörðun liggur fyrir um flutning starfsmanns á nýja starfsstöð erlendis skal kynna fyrir honum þær reglur, réttindi og skyldur sem gilda um stöðu maka og barna í viðkomandi landi.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri.

Líðan starfsmanna á vinnustað

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og réttsýni. Hvers konar kynbundin og kynferðisleg áreitni er litin mjög alvarlegum augum innan utanríkisráðuneytisins.

Jafnréttismál á alþjóðavettvangi

Á alþjóðavettvangi skal utanríkisráðuneytið leggja áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumörkun og starfi alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að. Utanríkisráðuneytið skal beita sér fyrir því að samþykktir alþjóðastofnana, sem taka á mannréttindabrotum sem beinast sérstaklega gegn konum og stúlkum, verði fylgt eftir af íslenskum stjórnvöldum innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir.

Aðgerð: Eftirfylgni við áætlun 1325 á alþjóðavettvangi

Eflidar verði áherslur og eftirfylgni Íslands hjá alþjóðastofnunum og á öðrum alþjóðavettvangi á grundvelli áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi til að undirstrika mikilvægi kvenna í friðarumleitunum og –uppbyggingu

Þátttaka í vinnuhópum og sérstökum ríkjahópum innan alþjóðastofnana sem leggja áherslu á að fylgt sé eftir ákvæðum ályktunarinnar. Einnig verði unnið að því innan alþjóðastofnana með öðrum ríkjum að hvetja til þess að áætlun sé gerð af hálfu viðkomandi stofnunar til að framkvæma ákvæði ályktunarinnar og innleiða markmið hennar. Fylgt verði eftir að þær áætlanir sem fyrir hendi eru verði endurskoðaðar reglulega og metið hvernig tekist hafi að innleiða þær af viðkomandi stofnunum..

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri.

Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd

Í utanríkisráðuneytinu starfar jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi innan ráðuneytisins og undirstofnana þess. Í starfi sínu sem jafnréttisfulltrúi skal viðkomandi starfsmaður heyra beint undir ráðuneytisstjóra óháð því hver starfsstaða hans er að öðru leyti. Nánar er kveðið á um störf og hlutverk jafnréttisfulltrúa í *Starfsreglum um hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna* sem samþykktar voru á fundi ráðuneytisstjóra 3. nóvember 2005.

Jafnréttisnefnd skal vera jafnréttisfulltrúa til fulltingis við störf hans. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að fylgjast með stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og undirstofnunum þess, móta stefnu og áætlanir ráðuneytisins í jafnréttismálum og vera ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins, sem og fyrir yfirstjórn ráðuneytisins í málefnum er varða jafnrétti. Jafnréttisfulltrúi kallar nefndina saman og stýrir störfum hennar. Jafnréttisnefnd skal funda eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Aðgerð: Skipun jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi skal skipaður til tveggja ára í senn. Tilkynna skal skipun hans til félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisstofu. Eigi síðar en tveimur mánuðum áður en skipunartími jafnréttisfulltrúa rennur út skal framlengja skipun hans eða skipa nýjan jafnréttisfulltrúa.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri.

Aðgerð: Skipun jafnréttisnefndar

Ráðuneytisstjóri skipar jafnréttisnefnd til tveggja ára í senn en í henni skulu vera auk jafnréttisfulltrúa, aðstoðarmaður eða annar trúnaðarmaður ráðherra, starfsmannastjóri, fulltrúi FHSS, fulltrúi FSS og fulltrúi úr hópi embættismanna. Víki nefndarmaður úr nefnd, einhverra hluta vegna, skal skipa nýjan nefndarmann innan fjögurra vikna.

Ábyrgð: Ráðuneytisstjóri.

Kynning og endurskoðun jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins er opinbert gagn sem birt skal á heimasíðu ráðuneytisins og á innri vef þess. Hún skal endurskoðuð reglulega

Aðgerð: Kynning jafnréttisáætlunar

Nýjum starfsmönnum skal kynnt gildandi jafnréttisáætlun þegar þeir hefja störf í ráðuneytinu.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri.


Aðgerð: Endurskoðun jafnréttisáætlunar

Áætlunin skal metin og endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.


Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd.

Utanríkisráðuneytinu

27.04.2009



Össur Skarphéðinsson



Benedikt Jónsson